

Fundargerð

Hluthafafundar Solid Clouds, hf. þann 8. september 2023, haldinn í aðalsal Arion Banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, föstudaginn, 8. september kl. 16:00

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra

Formaður stjórnar, Sigurlína Ingvarsdóttir, setti hluthafafund félagsins og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga stjórnar var að Höskuldur Þórhallsson, yrði skipaður fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir við þá tillögu. Fól þá stjórnarformaður fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Einar Örn Ævarsson yrði kjörin fundarritari. Ekki bárust athugasemdir við þá tilhögun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkyningu þann 31. ágúst sem birtist í fjölmiðlum. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. 1. mgr. 13. gr. samþykktum félagsins.

Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru. Mætt var á fundinn fyrir 51.1% af virku hlutafé.

Á fundinn mættu stjórnarmenn félagsins. Þá voru forstjóri og fjármálastjóri félagsins viðstaddir fundinn.

Formaður stjórnar fór stuttlega yfir stöðu félagsins og í máli hennar kom að útgáfufjerli Starborne Frontiers hafi hafist í febrúar á þessu ári. Útgáfufjerlið þjónar þeim tilgangi að stilla af leikinn, bæta við nýju efni og greina kauphegðun spilara með það að markmiði að vera tilbúin fyrir markaðssetningu leiksins sem áformuð er á næsta ári. Leikurinn hefur fengið góð viðbrögð og dóma hjá notendum bæði hjá Google og Apple app-búðunum. Eru þetta góð fyrirheit um að leikurinn muni ná árangri. Til þess að sækja fjármagn til útgáfu og markaðssetningar samdi félagið við Arion Banka um að vera umsjónaraðili að hlutafjárukningu. Fjármögnunarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja er um þessar mundir ekki hagfellt. Stjórn Solid Clouds hefur því ákveðið að fresta áformum sínum um hlutafjárukningu, sbr. tilkyning dags. 31. ágúst 2023, en áskriftir í útboðinu voru undir væntingum stjórnar.

Gengið var til dagskrár.

2. Tillaga um að hækka hlutfé

Stjórn Solid Clouds hf. lagði til við hluthafafund félagsins að tillagan yrði afturkölluð.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða með tilskildum meirihluta atkvæða.

3. Tillaga um að hluthafar falli frá forgangsrétti

Stjórn Solid Clouds hf. lagði til við hluthafafund félagsins að tillagan yrði afturkölluð.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða með tilskildum meirihluta atkvæða.


4. Önnur máls sem voru löglega borin fram

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri fékk heimild til fundarins að ganga frá fundargerð.

Var fundi slitið kl. 16:15

Höskuldur Þórhallsson, fundarstjóri



Einar Örn Ævarsson, fundarritari

